

# Hluthafafundur í Sjóvá- Almennum tryggingum hf. 19. október 2021

## Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál:

### 1. Lækkun hlutafjár.

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. gerir tillögu um að hlutafé Sjóvá-Almennra trygginga hf. verði lækkað um kr. 66.489.362, úr kr. 1.334.106.378 í kr. 1.267.617.016 að nafnverði, með ráðstöfun lækkunarfjárins til hluthafa Sjóvá-Almennra trygginga hf., í samræmi við ákvæði 2. töluliðar 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995. Lækkunin fari fram miðað við gengi á hlutum í félaginu í lok dags 27. september 2021.

Tillagan um hlutafjárlækkun felur í sér að greidd er af eignum félagsins hæri fjárhæð en sem nemur lækkunarfjárhæðinni, eða sem svarar kr. 2.500.000.000 í heild og þar með kr. 2.433.510.638 umfram lækkun nafnverðs. Lækkunarfjárhæð sem er umfram nafnverð, eða kr. 2.433.510.638, mun verða færð til lækkunar á yfirverðsreikningi félagsins.

Tilgangur hlutafjárlækkunarinnar er að laga fjármagnsskipan félagsins að gjaldpólsviðmiðum stjórnar en gjaldpólshlutfallið liggur nú fyrir ofan efri mörk viðmiðanna.

Verði tillagan samþykkt mun félagið óska eftir því við fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að félaginu verði veitt undanþága frá innköllunarskyldu, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Að því tilskildu að sú undanþága verði veitt verður greiðsla til hluthafa innt af hendi svo fljótt sem auðið er, en þó aldrei fyrr en fimm viðskiptadögum eftir að fyrirvörum er fullnægt, að því gefnu að lögboðnum forsendum sé að öðru leyti fullnægt. Mun félagið þá jafnframt senda tilkynningu til kauphallar og upplýsa nánar um framkvæmd lækkunarinnar, þar með talið um viðmiðunardagsetningar varðandi réttindadag, réttindaleysisdag og áætlaðan greiðsludag. Við útgreiðslu til hluthafa skal miða við hlutaskrá félagsins í lok viðskiptadags fimm viðskiptadögum fyrir greiðsludag.

Að auki felast í tillögunni breytingar á 4. gr. samþykktu félagsins um hlutafé til samræmis við hlutafjárlækkunina.

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður 19. október 2021 kl. 10 í fundarsal á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík. Heildarhlutafé félagsins er kr. 1.334.106.378. Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé.

### 2. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál og/eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. eigi síðar en kl. 10, 9. október 2021. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir hluthafafundinn. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á veffangið [stjorn@sjova.is](mailto:stjorn@sjova.is). Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vef félagsins.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Öllum ákvörðunum heilbrigðisráðherra um samkomutakmarkanir á grundvelli sóttvarnalaga verður framfylgt á hluthafafundinum. Hluthöfum býðst að veita umboð til umboðsmanns um þátttöku á fundinum með fyriræmum um hvernig atkvæði skuli greidd um þær tillögur sem til afgreiðslu eru. Hægt er að sækja viðeigandi umboðseyðublað á vefsvæði Sjóvá-Almennra trygginga hf.: <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/hluthafafundur/hluthafafundur-2021/> og senda rafrænt á [gretar@lr.is](mailto:gretar@lr.is). Nánari upplýsingar um umboð og skil þeirra er að finna í fyrrgreindu umboðseyðublaði á vefsvæði Sjóvá.

Hluthafafundur er lögmaður án tillits til fundarsóknar ef löglega er til hans boðað.

Fundarboð þetta, upplýsingar um heildarfjöldu hluta og atkvæða, dagskrá hluthafafundar og fundargögn, þ. á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir hluthafafund, ásamt umboðseyðublaði eru aðgengileg á vefsvæði félagsins <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/hluthafafundur/hluthafafundur-2021/>.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa geta skráð sig á hluthafafundinn á fundarstað frá kl. 9.30 á fundardag og fengið fundargögn afhent. Hluthafafundur og fundargögn verða á íslensku.

Reykjavík, 27. september 2021.

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.